



9. Fundargerð Afréttarmálanefndar Gnúpverja

Steinsholti, 13. nóvember 2023

Kl. 20.30

Mætt til fundar:

Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigríðarson, Helga Höeg Sigurðardóttir

Fundargerð ritaði Helga

1. Klósetthúsið

Klósetthúsið var sett upp við Gljúfurleitarkofann 4. og 5. október síðastliðinn. Strá efh lagaði veginn í Skúmstungum og fyrir framan Dalsá í sömu ferð.

2. Uppgjör fjallferða

Fjallferðir og eftirsafn gengu vel. Það lítur út fyrir að kostnaðurinn verði undir kostnaðaráætlun. Endanlegt uppgjör væntanlegt.

3. Bjarnalækjarbotnar

Vegna væntanlegra framkvæmda í Bjarnalækjarbotnum þurfum við að funda með sveitarstjóra og fulltrúa Afréttarmálafélags Skeiða- og Flóa. Gylfi sér um að boða fund.

4. Sameiginlegur fundur með sauðfjárnæmdum eftir áramót

Málefni sem við viljum fá umræður um

- fjallskil – þarf að gera breytingar á hvernig manna á fjallferðir?
- keyrslu á fé heim af afréttinum
- erindi sveitarstjórnar frá 2. ágúst 2023

5. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins

Sækjum um fyrir:

- framkvæmdum í Bjarnalækjarbotnum og Gljúfurleit
- viðhald á Skaftholtsréttum

Fundi slitið kl. 23.00

Undirritunarsíða

Gylfi Sigríðarson

Helga Höeg Sigurðardóttir

Arnór Hans Þrándarson